

**Þorsteinn Hraundal, formaður Þyts,
við vél Einars Páls Einarssonar.**



Færa á flugvöll flugmódfélagsins Þyts:
**Þytur stendur
á tímamótum**

Flugmódfélagið Þytur hefur verið starfandi frá árinu 1970 og hefur í gegnum árin verið öflugur bakhjarl þeirra sem smiða og fljúga fjarstýrðum flugmódelum og er vettvangur fyrir fræðslu, félagsstarf og þjálfun á því sviði. Þytur hefur til afnota lítinn flugvöll þar sem gömlu öskuhaugarnir í Hafnarfirði voru áður til húsa við Krísvíkurveg. Í dag eru um 100 meðlimir í féluginu en það stendur fyrir áhugaverðum mótaum yfir sumartímann og má þar m.a. nefna móta eins og lendinga-, svifflugs-, og listflugsmót. Þytur stendur þó á tímamótum að sögn Porsteins Hraundal, formanns. „Það lítur allt út fyrir að við

þurfum að færa flugvöllinn og við erum í viðræðum við Hafnarfjarðarbæ vegna þessa. Það er byrjað að þrengja að okkur vegna byggðar og við erum farnir að líta á aðra staði til að hýsa völlinn og eru þeir nálægt þeim velli sem við höfum í dag,“ sagði Þorsteinn.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi félagsins er bent á heimasíðu félagsins <http://t.sverrir.net>.

